



# SKÓLASTEFNA SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS







# FORMÁLI



**Á fyrri hluta árs 2009 hóf Sveitarfélagið Ölfus formlegan undirbúning að mótun almennrar stefnu um skóla-  
hald í sveitarfélaginu. Stefnu og markmið sem eiga að vera leiðarljós í skólasterfinu. Sú stefna var fullmótuð  
vorið 2010 og átti að koma til endurskoðunar fjórum árum síðar.**

Endurskoðun á skólasterfnunni hófst í mars 2014 og skilaði sá hópur af sér í maí. Starfshópurinn skipuðu, Halldór Sigurðsson skólastjóri, G. Ásgerður Eiríksdóttir leikskólastjóri, Ásta Margrét Grétarsdóttir formaður fræðslunefndar, Sigurlaug B. Gröndal aðalmaður í fræðslunefnd, Guðrún Sigríks Sigurðardóttir fulltrúi Grunnskólans, Ragnheiður María Hannesdóttir fulltrúi leikskólans, Guðmunda H. Guðmundsdóttir fulltrúi foreldrafélags leikskólans, Elísabet Herdís Guðjónsdóttir fulltrúi foreldrafélags Grunnskólans og Sesselía Dan Róbertsdóttir fulltrúi nemenda.

Nefndin kom saman á fjórum fundum og gerði tillögur um breytingar samtímis og stefnan var lesin yfir. Það er ósk nefndarinnar að stefnan verði virk, ekki aðeins í skólasamfélaginu og hjá stjórnendum sveitarfélagsins heldur einnig í grenndarsamfélaginu.

Drög að endurskoðaðri skólasterfnu var birt á vefsíðu sveitarfélagsins og höfðu bæjarbúar hálfan mánuð til að koma með athugasemdir. Drögin voru lögð fyrir bæjarstjórn og fræðslunefnd til samþykktar.

Skólasterfnan skal endurskoðuð fyrir lok kjörtímabilsins 2018.



# INNGANGUR



**Sveitarfélögin, Ölfus, Hveragerði, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur standa saman að Skóla- og velferðarþjónustu. Þjónustan var sett á stöfn í janúar 2014. Þar starfa tveir kennsluráðgjafar og einn skólasálfræðingur auk félagsráðgjafa og starfsmanna velferðarþjónustu.**

Sveitarfélagið Ölfus rekur leikskólann Bergheima í Þorlákshöfn. Leikskólinn er fjögurra deilda fyrir börn á aldrinum tveggja til sex ára. Stefnt er að því að leikskólinn verði 5 deilda leikskóli haustið 2015 og hægt verði að taka á móti 18 mánaða börnum.

Leiðarljós leikskólans er að gera börnin sjálfbjarga í daglegum venjum og samskiptum, að þau læri best í leik og með því að fá að spreyta sig á verðugum viðfangsefnum.

Sveitarfélagið Ölfus starfrækir einn grunnskóla, Grunnskólann í Þorlákshöfn. Skólinn er fyrir börn í 1.-10. bekk. Byggt hefur verið við skólann undanfarin ár og verður lögð lokahönd á þær framkvæmdir með endur-

nýjun á tónlistarálmunni haustið 2014. Fyrirsjáanlegt er að núverandi húsnæði anni nemendafjölda næstu árin.

Deild frá Tónlistarskóla Árnesinga er rekin í Þorlákshöfn og fer starfsemin fram innan veggja Grunnskólans.

Leiðarljós Grunnskólans er áhersla á leikræna tjáningu, tónlist, sköpun og framkomu.

Sveitarfélagið er með samning við Hveragerði og Árborg um skólavist fyrir nemendur á leik- og grunnskólaaldri í dreifbýli. Ölfus á eignarhlut í Grunnskólunum í Hveragerði og leikskólanum Undralandi.

# SKÓLAR, FORELDRAR OG GRENNDARSAMFÉLAG

**Skólarnir gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu og eiga að vera órjúfanlegur hluti af því. Nauðsynlegt er að skólastarf njóti trausts og virðingar og að íbúarnir geti treyst skólunum fyrir menntun og uppeldi barna sinna. Þannig skipa skólarnir eina styrkustu stoð framsýns sveitarfélags.**

Skólastarf er miðstöð menningar- og félagslífs í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að íbúar sveitarfélagsins telji sig eiga hlutdeild í skólunum og hafi greiðan aðgang að þeim.

Skólarnir eiga að leita leiða til þess að sækja í mannaúð sveitarfélagsins með sem víðtækustu samstarfi við eldri borgara, foreldra og atvinnulíf svo dæmi séu tekin.

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla eiga foreldrar að gæta hagsmuna barna sinna, jafnframt eiga þeir rétt á upplýsingum um skólastarfið og skólagöngu þeirra. Samráð og samvinna milli foreldra og starfsfólks er forsenda farsæls skólastarfs í þágu nemenda. Virk þátttaka foreldra í menntunarferli barna sinna hefur jákvæð áhrif á námsárangur og þroska þeirra.

- Nám nemenda er samvinna nemenda, kennara, foreldra og samfélagsins. Skólum ber að tryggja að foreldrar hafi greiðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið, m.a. með öflugum heimasíðum, foreldra- og fréttabréfum, foreldraviðtölum, tölvusamskiptum, reglulegum heimsóknum og fundum.
- Foreldrar eru velkomnir í skólana og samskipti foreldra og skólafólks þurfa að einkennast af samvinnu og jákvæðni. Nauðsynlegt er að foreldrar upplýsi starfsfólk skólanna um líðan barnanna, aðstæður þeirra og leiti sem fyrst sameiginlegra lausna á vandamálum sem upp koma.

- Foreldrum barna af erlendum uppruna á að vera tryggður greiður aðgangur að upplýsingum um skólastarfið, túlkapjónustu og öðrum þeim gögnum og tækjum sem stutt geta samskiptin í þágu nemenda.
- Leita ber fjölbreyttra leiða til að viðhalda og auka samstarf Tónlistarskólans við skólana.
- Gott samstarf þarf að vera við menningarstofnanir og atvinnulíf með þarfir og velferð nemenda, fjölskyldna þeirra og samfélagsins að leiðarljósi.
- Samfelldur skóladagur nemenda er mikilvægur þar sem nemendur geta samhliða skóla stundað íþrótt- og tólmundastarf. Samstarf skólanna við íþróttafélögin þarf að vera öflugt.
- Gott og reglulegt samstarf þarf að vera milli skóla og félagsmiðstöðvar með almenna velferð nemenda að leiðarljósi.
- Stefna ber að áframhaldandi samstarfi milli eldri borgara og nemenda skólanna, enda njóta báðir hópar góðs af.
- Frístund, lengd viðvera, er starfrækt við Grunnskólann frá kl. 13.00-17.00 fyrir nemendur á yngsta stigi.





# AÐBÚNAÐUR OG AÐSTAÐA

**Sveitarfélagið hefur metnað til þess að reka góða og öfluga skóla. Skólahúsnæði skal ávallt uppfylla ýtrustu kröfur til slíkra mannvirkja og hafa aðráttarafi fyrir nemendur og starfsfólk.**

- Húsnæði og aðbúnaður á að taka mið af áherslum og sérstöðu í skólastarfi og mismunandi þörfum nemenda og starfsfólks.
- Náms-, leik- og starfsumhverfi skal vera hvetjandi og fjölbreytt. Mikilvægt er að öryggi og vellíðan barna og starfsfólks sé tryggt hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.
- Við skipulag skólaaksturs í dreifbýli skal leitast við að koma sem best til móts við þarfir nemenda og tryggja öryggi þeirra í hvívetna.
- Aðgengi fatlaðra á að vera tryggt og gera á ráð fyrir rými til sérfræðipjónustu.
- Húsnæði skólanna á að vera aðgengilegt fyrir þjónustu og starfsemi utan daglegs skólastarfs.
- Viðhald á skólamannvirkjum sveitarfélagsins á að vera gott sem og endurnýjun tækja, búnaðar, námsgagna og kennslutækja.
- Gera á áætlanir nokkur ár fram í tímann varðandi húsnæðisþörf skólanna og frekari uppbyggingu skólamannvirkja, búnaðar og tækja.
- Hafa ber samráð við hagsmunaaðila í skólasamfélaginu við allar meiriháttar breytingar á skólahúsnæði og umhverfi skólanna.

# NÁM OG KENNSLA

**Í skólastarfi er nauðsynlegt að umburðarlyndi, virðing og jafnrétti séu í hávegum höfð. Bera skal virðingu fyrir öllum einstaklingum óháð líkamlegu og andlegu atgervi, kyni, kynhegðun, menningu, trúarbrögðum og siðum. Með fjölmennigarlegri kennslu er átt við uppeldi til samstöðu, uppeldi til samkenndar, virðingu fyrir annarri menningu og fræðslu gegn mismunun.**

Mikilvægt er að nám og kennsla taki mið af þörfum allra nemenda og að jákvæð tengsl séu milli nemenda og starfsfólks skólanna. Skólasamfélagið er mikilvægt og því ber að nýta kosti þess til þess að byggja upp jákvæð og hvetjandi persónuleg tengsl milli nemenda, kennara og foreldra.

- Fjölbreytni í kennsluháttum er mikilvæg til þess að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir og til að hæfileikar hvers og eins fái notið sín. Jafnvægi þarf að vera milli, bóklegra þátta, verkgreina, listgreina og íþróttar.
- Nýta þarf fjölbreytt kennslu- og námsúrræði fyrir nemendur sem fóta sig illa í bóklegu námi, þ.m.t. starfstengt nám.
- Samþætting námsgreina skal vera góð.
- Samfella á að vera í námi milli leik- og grunnskóla með samvinnu milli skólanna. Yfirfærslu nemenda milli skólastiga skal undirbúa vel og vera eðlilegur hluti af skólastarfi.
- Samfella á að vera á milli grunn- og framhaldsskóla með því að þeim sem hafa getu og áhuga til þess að stunda einingarbært nám í framhaldsskóla sé gert það kleift.
- Styðjast á við aðferðir grenndarkennslu til að auka grenndarvitund nemenda. Góð grenndarvitund eykur sjálfsvitund og næmni fyrir umhverfi, náttúru og menningu.

- Vinna á að og veita stuðning ákveðnum vel skilgreindum þróunarverkefnum sem fela í sér afmörkuð og tímabundin viðfangsefni sem stuðla að þróun skólastarfs.
- Skólastarf á að vera í stöðugri þróun þar sem leitað er leiða til þess að bæta starfið með þarfir nemenda að leiðarljósi.
- Í skólunum á að vera hæft, ánægt, vel menntað og áhugasamt starfsfólk.
- Mikilvægt er að faglærðir sinni störfum sem krefjast fagnáms.
- Skólum ber að eiga sérstakar áætlanir um móttöku og stuðning við nemendur sem þess þurfa, t.d. nemendur af erlendum uppruna, fatlaða nemendur og nemendur með þroskafrávik.
- Snemmtæk íhlutun, sérkennsla og skimanir eru mikilvægar sem fyrst í skólagöngu barna.
- Nauðsynlegt er að stoðþjónusta skóla sé vel kynnt foreldrum og að skólar hafi aðgang að sérfræðiþjónustu við hæfi.
- Fjölbreyttum bakgrunni nemenda ber að fagna og kosti fjölmennigarlegrar kennslu ber að nýta í námi og kennslu





# HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

**Í öllu skólastarfi eiga sjónarmið um heilbrigði og velferð að vera í fyrirrúmi. Því er mikilvægt að skólarnir leggji áherslu á almennt heilsufar.**

- Skólastarf á að endurspeglar þætti heilbrigðra lífsháttanna og forvarna. Mikilvægt er að leggja áherslu á líkamlega og andlega vellíðan með það markmið að styrkja sjálfsmýnd nemenda, félagsfærni og ábyrgð á eigin athöfnum.
- Nemendum og starfsfólki skal standa til boða hollur og næringarríkur matur í samræmi við manneldis- markmið.
- Aðbúnaður skóla á að vera þannig að þeir séu aðgengilegir öllum.



# MAT Á SKÓLASTARFI



**Til þess að auka skilning á skólastarfi og tryggja að skólar uppfylli sem best þarfir nemenda er nauðsynlegt að skólarnir safni á skipulagðan hátt gögnum um starfið og leggi mat á þau. Nauðsynlegt er að raddir sem flestra í skólasamfélaginu fái að heyrast í slíku mati, svo sem starfsmanna, nemenda, og ekki síst foreldra. Mikilvægt er að skoða afmarkaða þætti reglulega og meta t.d. skólanámskrá, kennsluhætti, foreldrasamstarf og stjórnun með innra- og ytra mati.**

- Niðurstöður mats á skólastarfi þurfa að vera aðgengilegar og vel kynntar. Það má t.d. gera með því að halda kynningarfundum og birta niðurstöður á heimasíðum skólanna.
- Starfsmenn skólanna þurfa að rýna vel í niðurstöður matsins og vinna umbótaáætlanir sem miða að því að bæta skólastarfið.
- Sveitarfélagið ber ábyrgð á ytra mati. Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma í þeim tilgangi að bæta gæði skólastarfs.



# SKÓLABRAGUR



**Jákvæður skólabragur er mikilvægt forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Skólarnir setja sér stefnu um jákvæð samskipti.**

Skólabragur segir til um þann anda sem ríkir í skólum. Hann myndast í samskiptum nemenda og starfsmanna þar sem hver og einn er mikilvægur og ber ábyrgð. Í skólum sveitarfélagsins hefur ríkt góður andi sem einkennist af samvinnu, samkennd og nánd.

Mikilvægt er að hlúa vel að þeim þáttum sem skapa þennan góða anda. Það er meðal annars gert með því að virða rétt hvers og eins til að stunda nám við hæfi,

með því að virða skyldur og rétt einstaklinga og hlúa sérstaklega að þáttum eins og vinnugleði og frumkvæði.

Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar, skiptast á skoðunum og hafa þannig áhrif á mótun skólamenningar og námsumhverfis. Mikilvægt er að nemendur séu virkir þátttakendur í daglegu skólastarfi.



# LOKAORÐ

Skólastefna Ölfuss er sett fram sem sameiginleg framtíðarsýn margra hagsmunaaðila að góðu og öflugum skólasamfélagi þar sem virðing, vinátta og velgengni eru höfð að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að nemendur, foreldrar, starfsfólk skóla og samstarfsaðilar séu sýnilegt afl og virkir þátttakendur í samfélaginu og móti bæjarbrag sveitarfélagsins.

Skólastefnan er ásamt námskrám, starfsáætlunum og sameiginlegum markmiðum skóla- og velferðarþjónustu, hér kemur hlekkur inná síðu, nauðsynleg nemendum, foreldrum, starfsfólki skóla og stjórnendum

sveitarfélagsins til að fylgjast með markmiðum og starfi skólanna. Skólastefnan skal höfð að leiðarljósi við gerð skólanámskráa og vera stjórnendum leiðarvísir að uppbyggingu starfseminnar. Námskrárnar eru þannig framkvæmdaáætlanir skólastefnu sveitarfélagsins og leggjast fyrir fræðslunefnd og bæjarstjórn í samræmi við lög og reglugerðir.

Skólastefnuna á að birta opinberlega og skal hún vera aðgengileg öllum ásamt því að vera grundvöllur allra áætlanagerða skólanna til lengri og skemmri tíma.





# STEFNAN Í HNOTSKURN

- Skólar eru gríðastaðir nemenda.
- Náms og kennsla tekur mið af þörfum allra nemenda.
- Skólahúsnæði og búnaður tekur mið af fjölbreyttum þörfum nemenda og starfsfólks.
- Samstarf stofnanna sveitarfélagsins er öflugt og áhersla er á samnýtingu og samvinnu stofnanna sem og einstaklinga.
- Í skólunum starfar hæft og vel menntað starfsfólk.
- Nemendur eiga kost á samfelldum vinnudegi þar sem skólastarfrí og tómstundir mynda samfellu.
- Samvinna foreldra, nemenda og starfsfólks einkennist af gagnkvæmri virðingu.
- Niðurstöður mats á skólastarfrí nýtist til umbóta í skólunum.
- Hliúð er að jákvæðum og góðum skólabrag með því að setja hugtök eins og jafnrétti, samvinnu, umburðarlyndi, gagnkvæma virðingu, réttindi og skyldur, í öndvegi.

Skólarnir taka mið af  
grunnþáttum menntunnar skv.  
aðalnámskrá skólanna frá 2011.

LÆSI  
SJÁLFBÆRNI  
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ  
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI  
JAFNRÉTTI  
SKÖPUN



SVEITARFÉLAGIÐ

ÖLFUS

Lifandi sveitarfélag